



Breiðgangur 1898.
"Broadway" 1898.

Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands



AKUREYRI

Breiðgangur

Þér finnst líklega ekki ýkja breitt hér niður á milli húsanna enda var Breiðgangur upphaflega breiðari en hann er nú. Nafnið Breiðgangur varð til á 19. öld en var aldrei viðurkennt opinberlega. Hann var alfaraleið frá bryggjunum og upp í Búðargil. Þegar bæjarstjórn Akureyrar gaf götum bæjarins nöfn í fyrsta sinn í árslok 1900 var Breiðgangur ekki nefndur á nafn en svokölluð Efri gata eða Vesturgata fékk nafnið Aðalstræti og svokölluð Neðri gata eða Austurgata fékk nafnið Hafnarstræti.


Þrjár stórbrunnar hafa grandað mörgum elstu húsunum á gömlu Akureyri en eldur hefur aldrei komist yfir Breiðgang. Árið 1901 brunnu elstu hús bæjarins sunnan við Breiðgang, meðal annars fyrsta íbúðarhúsið. Árið 1912 urðu tveir stórbrunnar en þá brunnu 15 hús norðan við Breiðgang. Þessir eldsvoðar höfðu mikil áhrif á bæjarmyndina.

Snemma á 20. öld tóku Akureyringar að leggja vatnsveitu um kaupstaðinn sem var meðal annars vegna hinna tíðu bruna. Steinhúsin sem nú standa beggja vegna Breiðgangs eru byggð samkvæmt fyrsta skipulagi bæjarins sem tók gildi 1927. Samkvæmt því áttu flest gömlu húsin að víkja og steinhús að koma í staðinn. Ef þú gengur niður Breiðgang kemur þú að elsta húsi bæjarins, Laxdalshúsi.

"Broadway"

The distance between the rows of houses here may seem rather narrow. But the 19th century townsman felt differently, and named this path Breiðgangur (Broadway). Although in current popular use in those times, this name was never approved in high places, and when Akureyri town council, at the turn of the century 1900, named every street in the town for the first time, Breiðgangur was totally ignored, preference being given to names like Hafnarstræti (Harbour Street) and Aðalstræti (Main Street).

Fire, the old curse of Akureyri, never encroached upon Breiðgangur, although in 1901 the buildings around it were burning fiercely, destroying all the houses in the southernmost part of town and above Aðalstræti, all the way to Búðargil in the north. Another two great fires occurred in 1912 consuming all the houses in the northern part of the old town and entirely changing the face of the town; but once more Breiðgangur escaped. It was mainly in response to frequent fires that a municipal water utility was constructed early in the 20th century. The stone buildings now standing on both sides of Breiðgangur were built in accordance with the town's first zoning plan, which took effect in 1927, stipulating that most of the old timber houses must yield to stone buildings. Walking down Breiðgangur takes you to Laxdalshús, the town's oldest building.



Horft upp Breiðgangur er á 19. öld var ögn norðar en nú.

Breiðgangur in the 19th century.



Árið 1912 brunnu alls 15 hús norðan Breiðgangs og þar með sum elstu hús kaupstaðarins. Lóðin hefur verið óbyggð síðan. In 1912 a total of 15 houses north of Breiðgangur were consumed by fire, including some of the town's oldest buildings. The site has remained vacant since that time.



Hótel Akureyri var eitt glæsilegasta hótél landsins, tekið í notkun árið 1902. Það brann í nóvember 1955, þá orðið fjölþýlishús fyrir efnaminni bæjarbúa. Hótel Akureyri, opened in 1902, was then one of Iceland's most elegant hotels. When the building burned down in November 1955, it had become an apartment building for low-income families.



Þessi sambyggðu hús á horni Lækjargötu og Aðalstrætis er elsta húsabyrping bæjarins, byggð 1840 - 1870 en myndin er tekin um 1895. The conjoined houses on the corner of Lækjargata and Aðalstræti constitute the oldest building cluster in Akureyri, constructed 1840 - 1870. The picture dates from around 1895.

Hannan Thelma á velli eftir tekið von Háðason. Ljósmyndir Minjasafns Akureyri. Notkunarkort gífls.is



www.visitakureyri.is



MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM



NORÐURORKA